

birta

í syngjandi stuði

TÓNLIST

» Færeysk tónlistar-
hátíð í Reykjavík

PÁSKAR

» Frí, girnilegar
kökur, páskaegg...

Snorri Idolstjarna

» *feiminn en metnaðargjarn*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
13. apríl - 20. apríl



INNRI STYRKUR YTRI FEGURÐ

Húðin verður bjartari, sléttari, þéttari og jafnari • Hefur áhrif á húð alls líkamans • Dregur samstundis úr áhrifum öldrunarferlisins • Hefur augljós áhrif á rakabéttni húðarinnar • Dregur úr hrukku- og línummyndun Dregur úr öldrunarblettum og öðrum áunnum blettum • Hjálpar til við að verja meginþætti í undirlagi húðarinnar gegn öldrun • Unnið úr náttúrulegum efnum, bio marin complex, lycopene og c-vítamíni Tvær töflur á dag og sjáanlegur árangur fæst innan 2-3 mánaða

IMEDEEN®

Fyrir falgri húð - 2 töflur á dag www.imedeen.com

FÆST Í SNYRTIVÖRUEILD HAGKAUPA OG APÓTEKUM



ആ

ആരോഗ്യം



- ക്ലോമിഫെൻ
- മിമെറ്റാക്സോലോം
- ക്ലോസെലാസോൾ
- മിമെറ്റാക്സോലോം
- ക്ലോമിഫെൻ

FerrQsan

IMEDEEN®



Burt með eymslin!



Kæli

DEEP FREEZE hlaupið er afar fljótvirkt efni sem snöggkæli sársauka í vöðvum, sinum eða liðamótum. Meðferðin jafngildir góðum köldum bakstri en hefur jafnframt þann eiginleika að ná vel til vöðva. Hlaupið er borið á auma staðinn og því nuddað inn í húðina.

DEEP FREEZE úðinn snöggfrystir svæðið sem á að meðhöndla og virkar því eins og staðdeyfilyf. Úðinn hentar vel til að lina sársauka vegna tognunar, mikils álags, gigtar- eða vöðvaverkja, þursabits eða krampa.



Hitar

DEEP HEAT áburðurinn er notaður til að meðhöndla hvers kyns eymsli, gigtaverki og vöðvabólgu. Á áburðinum, sem virkar mjög fljótt, er blanda valinna efna sem hita húðina, mýkir auma og stirða vöðva eða vefi og bægir frá sársauka, t.d. vegna mars eða annarra meiðsla. Áburðurinn er fitulaus og smitar því ekki út frá sér í fót eða rúmföt.

Fæst einnig í handhægum úðabrúsa og í vökvaformi til að setja út í baðvatn.



24



16

Þetta helst

- 7 Ósvikin páskastemning
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla Steinunnar Arnardóttur
- 12 Móeiður Helgadóttir hannar leikmynd í Færeyjum
- 14 Færeyskir tónar í Reykjavík

Viðtal

- 16 Snorri Snorrason Idolstjarna
Hlédrægur en metnaðargjarn söngvari



12



30

Hann hún

- 24 Páskastemning á kaffiborðinu
- 30 Stíll stjarnanna
- 32 Fimm flottar sumarflíkur
- 34 Sigríður elur upp
- 36 Ef þér leiðist á páskadag...
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
Stjörnuþá
- 42 Góður svefn um páskana
- 44 Hláturinn lengir lífið
- 46 Ljósabekkir gera þig gamla(n)

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 49 Sjónvarpsdagskrá næstu viku
- 68 Sudoku



opið alla páskana

... einnig föstudaginn langa og páskadag

Opið allan sólarhringinn:

Akureyri
Engihjalla
Hjarðarhaga
Keflavík
Langaríma
Lágmúla
Staðarbergi

www.10-11.is



... þegar þér hentar

Ósvikin páskastemning

Páskarnir koma og vorið með. Páskaliljur blómstra og fyrstu farfuglarnir lenda þreyttir eftir langa för. Litlar hendur bíða spenntar eftir því að rífa plastið utan af súkkulaðieggjum sem mamma og pabbi eru búin að fela vandlega. Merkilegt hversu fljót þau eru að finna eggin, sama hversu vel þau eru falin. Einhver okkar, sem vilja minnast herrans pínu, rífa sig upp fyrir allar aldir og ganga til kirkju. Sumir finna þar kærkomna framlengingu á nætursvefninum á meðan aðrir móttaka guðsorð með opnum og vakandi augum og hug. Páskar eru mikilvægasta trúarhátíð kristina manna. Upprisa mannsins og eilíft líf. Jesús lét lífið fyrir syndir okkar svo við gætum lífað áfram, borðað páskaegg og farið á skíði. Við skulum því njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða og sjá til þess að þeir sem í kringum okkur eru njóti þess með okkur. Gleðilega páska.

| heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

Ískalt

Páskaegg En ekki hvað? Það er fátt heitara en páskaegg og góður málsháttur þessa dagana. Passið bara að borða ekki málsháttinn í sykuræðinu.

Páskaungar Jú þeir koma sterkir inn en enn eitt árið verða páskaungarnir að taka hitasæti númer tvö á eftir eggjunum. Gulir, bústnir og bollulegir.

Fermingarveisla Fyrsta veislan er æðislega skemmtileg. Önnur veislan er aðeins minna skemmtileg. Þriðja veislan er Groundhog Day og sú fjórða er alveg til að gera út af við páska „fríð“.

Röndóttir treflar Strákar mínir er ekki kominn tími á að finna sér annað mynstur. Lífið hefur upp á annað og meira að bjóða en röndóttá trefla.

Fuglaflensan Væri ekki best að ræða þetta betur ef eitthvað gerist? Einn dauður fugl er ekki frétt. Fuglar hafa rétt á að drepast í fríði fyrir fjölmíðlum.

páskafrí »

Á skíðum skemmti ég

Fátt er yndislegra en að renna sér á skíðum eða snjóbretti í nýföllnum snjó í góðu veðri og sólskini. Þetta vita Íslendingar og æða því til útlanda um páskana, enda eru íslenskir vetur ekki nema svipur hjá sjón núorðið og varla það. Nú bregður reyndar svo við að nokkur helstu skíðasvæðin á landinu eru opin um þessar mundir þrátt fyrir hlýindi og rigningu undanfarinna vikna. Því er upplagt tækifæri að sleppa utanlandsferðinni að þessu sinni og slá tvær flugur í einu höggi, komast á skíði í blíðunni og eiga samt fyrir reikningum um næstu mánaðamót.



Nám » Próflestur í páskafríinu

Páskafríð er byrjað og margir ætla að njóta þess út í ystu æsar og slappa vel af. Ekki geta þó allir leyft sér að liggja í leti allt fríð því margir námsmenn byrja í prófum strax eftir páska. Páskafríð verður því í einhverjum tilfellum notað til þess að skipuleggja glósur og lesa allt sem ekki var lesið í vetur. En þó fríð verði ekki fullkomið um páskana er óþarfi fyrir námsmenn að örvænta því óðum styttest í sumarfrí.

Páskaátið » Súkkulaðihjúpað lambalæri

Já þeir eru ekki heilsusamlegir dagarnir framundan og jafn gott að búið sé að koma maganum í form fyrir komandi át. Að morgni sunnudags er vissulega freistandi að sleppa morgunmatnum og rjúka beint í páskaeggjð og borða það upp til agna með málshætti og öllu.

Þó skal varinn hafður á. Sykurvíman er skammvinn og þegar líða tekur á Páskadag gæti orkan orðið að engu og lítill máttur eftir til að lyfta upp gafflinum með lambalærisbitanum á seinna um kvöldið. Súkkulaðið er vissulega gott og þó það þætti góður kostur að geta borðað súkkulaðihjúpað páskalamb í öll mál þessa daga skal landinn minntur á að fá sér að minnsta kosti eina radísu á milli súkkulaðímála.



TILBOÐ

Á SUMARKORTUM

Kortin gilda til 25 ágúst nk.,
tilboðsverð aðeins

11.900 kr.

Byrjaðu strax
og þú færð meira fyrir peninginn!

Komdu í eitt af húsunum okkar,
BAÐHÚSIÐ, BETRUNARHÚSIÐ,
SPORTHÚSIÐ eða ÞREKHÚSIÐ
og fáðu þér SUMARKORT á TILBOÐI



11.900

Byrjaðu strax og þú færð meira fyrir peninginn!

1 kort
og nú
5 stöðvar

BAÐHÚSIÐ
BETRUNARHÚSIÐ
AFLHÚSIÐ
SPORTHÚSIÐ
ÞREKHÚSIÐ



ICELAND
SPA & FITNESS

WWW.ISF.IS SÍMI 561 5100

ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN



brennslan mín ... Steinunn Arnardóttir plötusnúður

Kúabjöllubrjalæði og danstónlist

Steinunn Arnardóttir, plötusnúður og rafmagnsverkfræðinemi, lenti eins og flestir aðrir í miklum vandræðum þegar hún var fengin til þess að sjóða saman brennslu fyrir Birtu. „Þetta er eins og að gera upp á milli barnanna sinna.“ Á endanum tókst þetta þó hjá Steinunni. „Ég ákvað að hafa ekkert ákveðið þema heldur frekar að hafa nokkra breidd. Hvert lag er samt lýsandi fyrir ákveðið skeið hjá mér.“ Brennslan er nokkuð dansvædd að sögn Steinunnar. „Það vantar meira rokk en það var bara svo erfitt að koma rokklögunum fyrir. Þau bíða næstu brennslu.“

- TRACK 1** **Digable Planets – La Femme Fetal.** Butterfly talar um mis-skiptingu valds í heiminum bæði milli kynjanna og eins þeirra ríku og hinna efnaminni. Fallegur texti sem lætur engan jafnréttissinna ósnortinn.
- TRACK 2** **A Tribe Called Quest – Bonita Applebum.** Röddin í Q-tip fær mig til að bráðna undir hvaða kringumstæðum sem er. Hvað þá tvíeykið sem þeir Phife mynda. Eitt af allra tíma uppáhalds.
- TRACK 3** **Jazzanova – Another New Day.** Eins fáránlega og það hljómar heyrði ég þetta lag fyrst hjá nútíðstjóra í eyðimörkum Bólivíu. Introíð, Cyclic, verður eiginlega að vera með.
- TRACK 4** **Detroit Experiment – Think Twice.** Skemmtileg útfærsla á gamla Donald Byrd laginu Think Twice. Hópur afbragðs hljóðfæraleikara frá Detroit undir handleiðslu teknó hetjunnar Carl Craig, gat varla klikkað. Dillidillidill..
- TRACK 5** **Archie Bell & the Drells – Tighten Up.** Kúabjöllur og klapp er minn veikleiki. Archie Bell dansar Tighten Up dansinn í Houston Texas og vill hafa fullt af klappi undir.
- TRACK 6** **Mr Scruff – Get a Move On.** Kynni mín af þessum manni létu mig trúá á ást við fyrstu sýn. Flott hvernig hann vinnur með gamla Moondog lagið, bætur við rétta taktinum og fullkomnar. Kúabjölluútgáfuna takk og svo allir út að dans!
- TRACK 7** **Can – Mushroom.** Af plötunni Tago Mago. Trommumar hjá Jaki Leibzeit eru sjúklegar í öllum skilningi þess orðs, láta mann fá gæsaahúð út í alla útlími. Góð heymartöl og Mushroom í botni gefa útrás fyrir hvaða reiði sem er!
- TRACK 8** **Elastica – Connection.** Þegar ég var 13 ára þá fannst mér Justine Frischmann svalasta gella í heimi. Justine er ennþá töffari og platan Elastica er enn hátt skrifuð.
- TRACK 9** **Erlend Öye/Morgan Geist – Lullaby/A Place In my Heart.** Annar tónlistarlegur sálufélagi. Ótakmörkuð ást og virðing til herra Öye. Frábær tónlistarmaður með silkirödd.
- TRACK 10** **One Self – Sunday Afternoon.** Nýjasta uppáhalds hljómsveitin mín! Það kannast líklega margir við að vakna upp á sunnudegi eftir hress laugardagskvöld, höfuðverkur - engar verkjapillur til, atburðir gærdagsins í móðu, hlutir ekki á sínum stað.. úff.

» birta mælir með...

... **VEITINGASTAÐNUM VIÐ FJÖRUBORÐIÐ** Nammi namm. Hvar skal hefja lofræðuna? Við Fjöruborðið er veitingastaður á Stokkseyri og þó mörgum finnist langur akstur úr höfuðborginni út á sunnlenskar fjörur, skal tekið fram að þess virði væri að aka á þennan veitingastað þó að hann væri staddur á Svalbarða. Maturinn er hreinn unaður, þjónustan frábær (og mjög falleg fyrir kvenmannsaugað) og staðsetningin skemmtileg. Sérstaklega er mælt með Carpaccio af forréttarséðlinum. Bragð er sögu ríkara.



... **V FOR VENDETTA.** Wachowski bræður bæta upp fyrir hrikalegar Matrix framhaldsmýndir. Ein besta teiknimyndasaga Alain Moore verður langbesta myndin sem gerð hefur verið að hans fyrirmynd.

Í Bretlandi framtíðarinnar hafa trúarofstækisfasistar náð völdum og ekkert fer fram hjá vökulu auga stóra bróðurs. Hryðjuverkamaðurinn V er sá eini sem þorir að rísa upp og reynir með sögulegum tilvitnunum og vel völdum sprengingum að fá lýðinn með sér í lið. Myndin er pólitísk, ljóðræn og minnr óþægilega á hvað getur gerst ef við stöndum ekki vörð um rétt okkar. Ekki skemmir að hasatríðin eru einkar vel útfærð.



... **SÝNINGU STÚDENTALEIKHÚSSINS ANIMANÍNU.** Kannski ekki auðskildasta leikverk allra tíma en líflegt og sett upp á hugmyndaríkan hátt. Flytjendur eru margir og sýna mikil tilþrif. Engin ástæða til að missa af þessu.



Laser-Tag lyklakippa

NÝTT

Fyrir um tuttugu árum kom á sjónarsviðið leikfang sem hét Laser-Tag. Börn og unglingar um allar jarðir misstu sig algjörlega við að skjóta hvert annað með ósýnilegum geislum úr risastórum stjörnustríðsbyssum og foreldrar höfðu varla undan við að kaupa hjálma, vesti og annan aukabúnað. Síðan þá hefur leikurinn tekið nokkur skref framávið og víða í Evrópu og Bandaríkjunum eru til leikjasalir þar sem svipaðir leikir eru stundaðir.

Nýjasta útspilið er þó öllu minna í sniðum. Á heimasíðunni www.tinytag.com lýsir hinn sex ára gamli Sean því hvernig hann fékk hugmyndina að Tiny-Tag, 430 króna lyklakippu sem þú notar til að skjóta vini þína sem eiga sams konar kippu. Markmiðið er að hitta andstæðinginn sjö sinnum en í hvert sinn sem þú verður fyrir skoti heyrast móðganir frá lyklakippunni á borð við „lúði“ og „heilalaus“.



Tiny-Tag dregur um 15 metra og nota má vegg, spegla eða bara hendur til að endurkasta geislanum. Til að kóróna allt er bara einn hnappur á tækinu „svo að meira að segja fullorðnir geta lært á það“, eins og segir á heimasíðunni.

nýir tímar

| ný vefverslun

| traustur grunnur

VERSLAÐU Á NETINU

www.byko.is



BYKO hefur verið leiðandi í meira en 40 ár



Vinnur þú?

Grill að verðmæti
279.000 kr.

Þú getur unnið glæsilegasta grill landsins

BYKO bætir nú þjónustu sína enn frekar og hefur opnað eina glæsilegustu VEFVERSLUN á Íslandi. VEFVERSLUN BYKO er einfaldur og notendavænn vefur, byggður upp á þeim trausta grunni sem BYKO byggir á. Nú getur þú verslað þegar þér hentar og færð vöruna senda til þín.

Taktu þátt í skemmtilegum vefleik þar sem þú getur unnið glæsilegasta gasgrill á Íslandi. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á VEFVERSLUN BYKO og þú gætir dottið í lukkupottinn.



Hannar leikmynd fyrir Tjóðpall Færeyja

Móeiður Helgadóttir myndlistarmaður dvelur um þessar mundir í Þórshöfn þar sem hún byggir leikmynd fyrir Þjóðleikhús Færeyinga eða Tjóðpall eins og það heitir á færeysku. Hún var í stuttri heimsókn á Íslandi þegar blaðamaður Birtu náði tali af henni.



Viðtal: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR Mýnd: HEIÐA

Það má með sannri segja að Færeyja ævintýri Móeiðar Helgadóttur hafi borið mjög brátt að. „Viðar Eggertsson, sem leikstýrir verkinu, hringdi í mig á afmælisdaginn en þá hafði verið hringt í hann tveimur dögum áður. Hann var að reyna að finna einhvern með sér, enda kannski ekki auðvelt að finna fólk sem er tilbúið að stökkva til Færeyja með þriggja daga fyrirvara,“ rifjar Móeiður upp en hún greip tækifærið fegins hendi enda spennandi verkefni í boði.

Móeiður útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2001. „Ég kynntist leikhúsinu meðan ég var þar en þá gerði ég leikmynd fyrir barnaleikrit í leiklistarskólanum,“ segir Móeiður sem hafði enga fyrri reynslu af leikhúsi en féll alveg fyrir þessum heimi.

Strax eftir útskrift gerði hún leikmynd fyrir uppfærslu á Fróken Júlíu og síðan þá hefur hún að mestu unnið með frjálsu

leikhópunum. Hún hefur einnig tekið að sér ýmis önnur verkefni, vann til að mynda í heilt ár við gerð Sögusafnsins og starfaði við leikmunadeild Latabæjar í fyrra.

„Það skemmtilegasta við þetta er að vera alltaf að fást við sjálfan sig og gera eitthvað sem maður getur ekki,“ segir Móeiður kímín. Aðstæður voru heldur erfiðar þegar Móeiður mætti til starfa í Færeyjum í upphafi marsmánaðar. „Það varð slys kvöldið áður en



við komum. Það kviknaði í húsi einnar leikkonunnar sem missti bæði börnin sín auk frænda,“ segir Móeiður og hafði það auðvitað mikil áhrif fyrstu dagana og vinna við leikmyndina hófst ekki fyrr en eftir jarðarförina. „Þetta fór hægt í gang og mikið var rætt um hvort rétt væri að halda áfram,“ rifjar Móeiður upp en að lokum var ákveðið að láta slag standa.

Verkið sem Móeiður vannur að heitir Limbó og er sænskt verk eftir Margarethe Grappe. Það fjallar um fimm konur í áfengis meðferð. „Verkið gerist í nútímanum og fjallar um hvernig fólk getur undir vissum kringumstæðum orðið vinir, sem yrði það aldrei á öðrum stöðum. Eins hvernig fólk úr hinum ýmsu þjóðfélagsstéttum getur orðið áfengisjúklingar. Þetta gerist á fjórum dögum rétt fyrir páska og fjallar að hluta til um hvernig konurnar sætta sig við það að þær séu sjúkar,“ upplýsir Móeiður en leikritið gerist á eyju og því var áhugavert að búa til leikmyndina sem tekur mið af því. Sviðið er pallur í miðjunni sem er eyjan og áhorfendur sitja allan hringinn og eru því eins og Móeiður segir hluti af leikmyndinni. „Áhorfendurnir eru í raun með konunum í meðferð,“ útskýrir Móeiður og bætir kímín við að meðferð upp á færeysku sé viðgerð.

Hún segir að verkið hafi í raun krafist þessarar leikmyndar. Konurnar séu umkringdar og umkomulausar og sleppi ekki. „Þær eru fastar inni í rýminu meðan starfsfólkið kemst út. Þær skipta meira að segja um fót inni í rýminu,“ segir Móeiður og bætir hlajandi við: „Það hafa margir í Færeyjum áhyggjur af því.“


Tjóðpallur Færeyja var stofnaður fyrir um ári. Það er til húsa í gömlu mjólkurhúsi í miðbæ Þórshafnar. Áður var þar starfandi atvinnuleikhópurinn Gríma en starfandi leikarar í Færeyjum eru aðeins um tíu. Sett eru upp þrjú til fjögur verk á ári en til að auka fjölbreytni leikverkanna eru fengnir fagmenn víða að til að leikstýra, hanna leikmynd og fleira.

Samfélagið í Þórshöfn er lítið og það endurspeglast í leikhúsinu. „Smíðurinn er leikari sem er ekki með í þessu verki og allt eftir þessu. Það leggja allir hönd á plóg,“ segir Móeiður sem ákvað að láta Færeyjar tala í leikmyndinni en oft hefur reynst erfitt að kaupa muni fyrir sýninguna. „Til dæmis vorum við að leita að sloppum í byrjun og fundum aðeins einn. Afgreiðslukonan gat pantað fleiri sem kæmu þá í haust,“ segir hún hlajandi.

Limbó verður frumsýnt 22. apríl og er þá sýnt fimm sinnum í viku í nokkrar vikur. „Mér skilst að það sé nokkur áhugi á leikhúsi í Færeyjum og að fólk mæti á sýningar,“ segir Móeiður sem hlakkar til að sjá verkið fullbúið.



GÓÐ HUGMYND
FRÁ ÍSLANDI



METNAÐUR

Staðfastur ásetningur í þeim tilgangi að ná árangri er góð hugmynd. Hún hefur skilað einstaklingum miklu. Og það hefur einnig reynst Ícelandair gott veganesti að koma ævinlega fram af djörfung á alþjóðamarkaði, sýna útsjónarsemi, gefast aldrei upp og hafa trú á því að hinir minni geta haft í fullu tré við hina máttarmeiri. Þess sjást líka víða merki að við getum staðið okkur vel úti í hinum stóra heimi. Ein og sér.



Færeyskir tónar í Reykjavík

Frændur vorir Færeyingar eru þekktir fyrir mikinn tónlistaráhuga og hæfileika á því sviði. Við Íslendingar höfum kynnst færeyskum tónlistarmönnum og höfum meira að segja talið okkur eiga nokkuð mikið í Eivöru Pálsdóttur hinnari færeysku sem hér bjó um skeið. Raunar var mikill áhugi á færeyskri tónlist hér á landi fyrir nokkrum árum og á fyrirhugaðri tónlistarhátíð er ætlunin að endurvekja þann áhuga.

Laugardaginn 22. apríl mun færeysk stemning ráða ríkjum á Nasa við Austurvöll. Þá koma hingað til lands sex færeyskir flytjendur og leika tónlist sína á hátíðinni Atlantic Music Event sem hingað til hefur verið haldin í Færeyjum og í Danmörku. Gestir hátíðarinnar verða Högni Lisberg, Gestum, Déja Vu, Makrel, Marius og Lena. Þau eru öll í fremstu röð færeyskra tónlistarmanna í dag. Tilgangur hátíðarinnar er að kynna blómlegt tónlistarlíf Færeyinga fyrir Íslendingum og gefa færeyskum tónlistarmönnum tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri við íslenska tónlistaráhugamenn. Sérstakur gestur AME hátíðarinnar í ár er svo íslenska hljómsveitin Dikta sem stefnir á að heimsækja Færeyjar til tónleikahalds síðar á árinu.

Forsala aðgöngumiða fer fram í verslunum Skifunnar og á midi.is en miðaverð er 1.650 kr.

HÖGNI LISBERG



Högni Lisberg er fyrrum meðlimur rokksvéitarinnar Clickhaze sem söngfluglinn Eivör Pálsdóttir gerði garðinn frægan með fyrir ekki svo mörgum árum. Fyrsta sólóplata Högna, „Most Beautiful Things“ kom út árið 2003 og var önnur best selda platan í Færeyjum það ár. Í desember í fyrra sendi Högni svo frá sér plötuna „Morning Dew“ sem var valin plata ársins í Færeyjum og hefur hlotið frábæra dóma í heimalandinu og víðar. Um hljóðblöndun á plötunni sá Óli Poulsen sem hefur m.a. unnið með stórstjörnum á borð við Prince, Massive Attack, Savage Rose og Roxette. Högni kom víða við í tónleikahaldi í fyrra og spilaði m.a. á Nibe Festival í Danmörku og Atlantic Music Event og G! Festivali í Færeyjum. www.hogni.com
www.myspace.com/hognilisberg

GESTIR



Hljómsveitin Gestir var stofnuð árið 2002 og hefur síðan sannað sig sem ein athyglisverðasta sveitin í færeysku rokkhlífi, jafnt tónlistarlega sem og textalega en Gestir syngja

á móðurmáli sínu færeysku. Gestir báru sigur úr bitum í stærstu tónlistarkeppni Færeyja, „Prix Færeyjar“, árið 2003 og hafa síðan spilað víða utan heimalandsins, svo sem á Íslandi og í Danmörku. Sveitin er um þessar mundir að leggja lokahönd á sína fyrstu breiðskífu sem kemur í verslanir síðar á árinu. Gagnrýnendur hafa keppt við að lofa Gestu og meðal þess sem þeir hafa haft að segja um tónlistina er „blanda af Jeff Buckley og Casanova“, „Sigur Rós with an edge“ svo dæmi séu tekin.

www.gestir.com

DEJA VU



Hljómsveitin Deja Vu fæddist í Færeyjum í septembermánuði árið 2000. Árið 2003 lenti sveitin í öðru sæti á eftir Gestum í tónlistarkeppninni „Prix Færeyjar“. Skömmu síðar hófust upptökur á fyrstu plötu Deja Vu „A Place To Stand On“ sem var útgefin í fyrra. Tónlistin er drifin áfram af grípandi kassagítarlínum og ljúfum hljómborðstönnum og sveitin skartar tveimur ólíkum söngvurum sem sjá jafnframt um lagasmíðarnar. Deja Vu hafa verið duglegir við tónleikahald í Færeyjum og Danmörku en þetta er fyrsta heimsókn þeirra til Íslands. www.dejavusite.com

MAKREL

Rokksveitin Makrel hefur verið starfandi frá árinu 1996. Árið 2002 tók sveitin þátt í Músíktílaunum Tónabæjar og lenti í þriðja sæti á eftir Búdrýgindum og Ókind en Rasmus Rasmussen gítarleikari Makrel hlaut nafnbótina besti gítarleikari keppinnar. Eftir það fóru hjólin að snúast og bandið lenti til að mynda í öðru sæti í tónlistarkeppninni Nordic Unsigned Competition á vegum MTV sjónvarpsstöðvarinnar. Fyrsta plata hljómsveitarinnar „Stinkar“, kom út árið 2003 og ári síðar sendu fimm-menningarnir frá sér plötuna „Wonderland“. Nú nýverið kom svo þriðja plata Makrel út og ber hún nafnið „Transcend“ og hefur verið ofarlega á vinsældarlistum í heimalandinu frá útgáfudegi.

<http://www.makrel.net>



LENA

Lena Anderssen er 27 ára gömul færeysk/kanadísk söngkona og lagasmiður. Lena fæddist í Færeyjum en ólst upp í Kanada frá tveggja ára aldri. Sautján ára gömul flutti hún aftur til Færeyja og í framhaldi af því hófst söngferill stúlkunnar. Fyrsta sólóplata Lenu „Distance“ var gefin út árið 1998 og tveimur árum síðar hljóðritaði hún þrjú lög með danska upptökstjóranum og Grammy verðlaunahafanum Óla Poulsen. Eitt þeirra, I Still Love You, varð samstundis feykivinsælt í Færeyjum og næstu ár fóru í frekara samstarf með Óla Poulsen í Danmörku við vinnslu á plötunni „Can't Erase It“ sem kom loks út í Færeyjum og Danmörku í fyrra. Lena hefur fengið mjög jákvæðar viðtökur við plötunni og hefur henni meðal annars verið líkt við ensku söngkonuna Dido. Þess má geta að Lena hefur verið dugleg við tónleikahald í Danmörku og hún hefur verið valin til þess að hita upp fyrir Bryan Ferry og félagi í Roxy Music á stórtónleikum þeirra í Kaupmannahöfn í sumar. www.lenamusic.com

MARIUS

Núverandi liðskipan rokksvéitarinnar Marius hefur verið starfandi síðan síðasta haust. Í nóvember síðastliðnum kom sveitin, sá og sigraði tónlistarkeppnina Global Battle Of The Bands í Færeyjum og spilaði í framhaldinu á alþjóðlegu úrslitavöldi í London Astoria þar sem þeir lentu í 6. sæti. Höfuðpaurinn er söngvarinn og lagasmiðurinn Hans Marius sem er fyrrum forspraki færeysku hljómsveitarinnar Flux. Fyrsta plata Marius er væntanleg á næstu mánuðum. <http://www.myspace.com/mariusband>



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafraeðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð á því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7.30
- Konur kl. 6.30, 16.30 eða 18.30

Nýtt námskeið hefst 24. apríl nk.

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

N O R D I C A S P A



Ég hef keppnis­skap og stefndi að því að komast í Smáralindina, síðan hugsaði ég bara um eina viku í senn. En ég bjóst ekki við því að vinna,“ segir Snorri brosand­i þegar hann er spurður hvort hann hafi búist við því í upphafi Idol­keppninnar að standa í sporum sigurvegarans. En hverju þakkar hann einkum þennan árangur? „Ég held einfaldlega því að ég er búinn að vera ég sjálfur alla keppnina. Það virðist hafa farið vel í fólk. Ég var undir þrýstingi frá dómnefndinni lengst af í þá átt að breyta mér. Það er einhver uppskrift að því hvernig Idolstjarna á að vera og ég þótti ekki fylgja henni heldur átti ég að dansa og eitthvað slíkt. Ég hummaði það fram af mér án þess að vera með stæla, var bara eins og mér er eðlilegt og gerði hlutina með mínu lagi. Það var ekki fyrr en í síðustu þáttunum sem dómnefndin sætti sig við það og eftir það voru straumarnir frá henni jákvæðari í minn garð.“ Nú er hann minntur á að Páll Óskar hafi þó engan viljað frekar hafa hjá sér í hrapandi flugvél. „Já, það var dálítið skondið. Hann vildi hafa einn sem segði rólegri röddu: Flugvélin er að farast, slakaðu bara á!“ rifjar Snorri upp og hlær. Hann segir Kristjönu Stefánsdóttur hafa leiðbeint sér heilmikið með sönginn og hjá henni hafi hann lært mikið í söngtækni en hvernig skyldi honum hafa líkað að vera með stílista sem valdi á hann fötin. „Það var mjög gott að hafa hana Hildi Hafstein við hliðina á okkur. Ég spekulera sjálfur ekki mikið í fötum. Vil helst bara lyfta upp höndunum og láta klæða mig í!“

„Ég hef keppnis­skap og stefndi að því að komast í Smáralindina, síðan hugsaði ég bara um eina viku í senn. En ég bjóst ekki við því að vinna.“

SJÁLFSTRAUSTIÐ Í LÁGMARKI

Snorri kveðst hafa átt sterkt bakland meðal vina sinna og fjölskyldu sem hafi stutt hann í keppninni og hughreyst ef þörf var á. Jafnvel hjálpað til með lagaval. Og þá er komið að því að forvitnast um hverra manna drengurinn er, hvort tónlistin sé í genunum og hvenær hann hafi byrjað að syngja.

„Pabbi er Siglfríðingur og heitir Snorri Þorláksson og mamma mín heitir Fjöla Stefánsdóttir, hún er frá Fáskrúðsfirði. Pabbi er mikill áhugamaður um tónlist og á margar góðar plötur sem ég ólst upp við að hlusta á og mamma spilar á gítar og syngur. Sjálfur fór ég um átta ára aldur að framkalla tónlist með einhvers konar verkfærum, fyrst heima og síðar í skólanum. Ég var í bílskúrsböndum og fyrir átta til níu árum var ég í rokkhljómsveitinni Mary Poppins sem náði það langt að koma lagi á topp tíu lista.“

Snorri er Breiðhyltingur og gekk í barnaskóla þar en á unglingsárunum fór hann í Suðurhlíðarskóla enda kveðst hann einn þeirra sem þrífist betur í smærri hópum en stærri. Feiminn að eðlisfari? „Ég var það að minnsta kosti þegar ég var yngri. Nú er ég þó ekki

feimnari en það að ég fór í Idolið. Samt er ég ekkert að öskra: „Hér er ég!“ Það er eflaust ljótt að spyrja nýkrýnda stjörnu hver sé hennar stærsti galli en þó fær Snorri þá spurningu. „Ég veit ekki hvort það er galli að vera rólegur en lítið sjálfstraust er galli. Ég hef oft verið neikvæður gagnvart sjálfum mér, hvort sem það hefur verið sýnilegt eða ekki. Þó þúsund manns segi að ég hafi gert eitthvað vel þá efast ég en þegar einn segir. „Þetta var glatað hjá þér“ þá trúi ég því. Samt er ég ánægður með lífið og hef alltaf verið það.“ Nú veit öll þjóðin að Snorri getur sungið en færri vita að hann semur líka tónlist og að eitt af lögunum á disknum hennar Heiðu Idolstjörnu er eftir hann. Það heitir Hvað sem er og er með texta eftir Stefán Hilmarsson. Þá kemur brennandi spurning. Eruð þeir Stebbi skyldir?

„Nei, við erum ekkert skyldir en mörgum finnst við líkir og ég hef bara gaman að því. Mér finnst við ekkert líkir, ekki einu sinni röddin. Ég er í rauninni djúpraddaður en hann bjartraddaður. Ég kemst samt hátt upp en hann kemst örugglega hærra.“

LÍF Á BLÁPRÆÐI

Eins og áhorfendur í lokaþætti Idolsins sáu á Snorri dökkhærða eiginkonu og þrjá bjarthærða syni. Nú er hann beðinn að segja frá þessu fallega fólki sínu. „Konan mín heitir Inga Þóra Jónsdóttir. Ég var fimmtán ára og hún þrettán þegar við byrjuðum saman og svo urðum við foreldrar þegar hún var að verða sextán og ég var átján. Þá fæddist fyrsta barnið okkar, Alexander Leó. Hann er skírður í höfuðið á Alexander Aroni vini mínum enda eiga þeir sama afmælisdag. Svo fæddust tvíburar tveimur árum seinna, Mikael og Gabriel, þannig að ég var orðinn þriggja barna faðir þegar ég var um títugt og hún var enn yngri. Þetta fylgdi ekki alveg norminu enda hringdu blöðin. Gott ef við lentum ekki á forsíðu DV. „Yngsta þriggja barna móðir á Íslandi.“

Þar sem tvíburarnir heita biblíunöfnum berst talið að trúmálum. Snorri kveðst hafa alist upp í kristinni trú og búa að því. Eflaust hefur honum komið vel að sækja þangað styrk þegar tvíburarnir fæddust því líf þeirra hékk á blápræði fyrstu vikunar. „Þeir voru fyrirburar, hvor um sig eins og smjörlíkisstykki að þyngd og þurftu að vera í hitakassa og öndunar­vélum fyrstu mánuðina,“ rifjar hann upp. „Þá hékk maður öllum stundum niður á spítala í óvissu um hvort þeir mundu lifa. Þetta er það erfiðasta sem ég hef lent í en það bjargaðist og það er mitt stærsta lán.“

HEIMILIÐ FULLT AF BÖRNUM

Nú eru drengirnir allir byrjaðir í skóla en samt er heimilið fullt af börnum á daginn því Inga Þóra

» Hann er pollrólegur þegar hann mætir í viðtalið, með vatnsbrúsa í hendinni, nýkominn úr annarri yfirheyrslu. Snorri Snorrason Idolstjarna Íslands 2006 lætur hvorki stórt né smátt koma sér úr jafnvægi enda lífsreynður maður. Gleðin yfir unnum sigri í Idolkeppninni leynir sér þó ekki.

LÍÐUR BEST ÞEGAR MIKIÐ ER AÐ GERA

Viðtal: GUNNPÓRA GUNNPÓRSDÓTTIR
Myndir: HARI OG STEFÁN



„Þá hékk maður öllum stundum niður á spítala í óvissu um hvort þeir mundu lifa.

Þetta er það erfidasta sem ég hef lent í en það bjargaðist og það er mitt stærsta lán.“



starfar sem dagamma. Snorri hefur hins vegar unnið hjá litlu en rótgrónu kjötiðnaðarfyrirtæki sem heitir Kjötismiðjan frá því hann var unglingur, nú síðast í söludeildinni. „Ég ákvað að taka mér árs frí frá námi eftir grunnskólann og það frí varir enn. Ég þurfti að sjá fyrir mér og mínum og hef alltaf unnið hjá sama fyrirtækinu en nú býst ég við að annað taki við.“ Hann segir vinnuveitandann hafa stutt sig fjárhagslega síðustu vikurnar en enginn tími hafi verið til að sinna starfinu. Verða félagar hans í Kjötismiðjunni nú ekki bara svekktir þegar hann mætir ekkert meira? „Nei, nei, þeir samfagna mér bara enda þekkja þeir mig það vel að þeir vita að draumur minn er að rætast,“ segir Snorri brosandí sem þó kveðst í eðli sínu lítið fyrir breytingar. „Ég hef ekkert verið að hoppa úr einu í annað,“ segir hann staðfestulega en viðurkennir að nú verði kúvendung. Hvar sér hann sig svo eftir tíu ár?

„Ég bara horfi ekki svo langt,“ segir hann og bætir við. „Ég er líka orðinn svo vanur því upp á síðkastið að hugsa bara um eina viku í einu. En ég er bókaður allan helgar á næstunni og eitthvað á virkum dögum líka. Söngurinn verður mín atvinna að minnsta kosti í sumar. Svo sér maður bara til.“

Bubbi og Palli vörðu Snorra við því að framundan væri puð og töluðu þar af reynslu. Skyldi hann vera puðari? „Já, já. Ég er vanur að vinna og vil alltaf hafa eitthvað fyrir stafni. Mér líður best þegar mikið er að gera.“ Þegar haft er orð á að vinnusemin hljóti að hafa komið honum í góðar þarfir síðustu vikur þar sem dagskráin hjá Idolkeppendunum hefur verið stífl, stanslausar utanlandsferðir, tókur og æfingar þá samsinnir hann því. „Þetta var full vinna alla daga frá átta á morgnana til tólf á kvöldin. Ef einhver tími var aflögu lokaði maður sig inni í herbergi til að læra lögin og textana. Ég er samt ekkert að væla yfir því enda þýddi ekkert að guggna á miðri leið og ég fékk alveg 100 prósent stuðning frá konunni.“

Framundan er samstarf við umboðsmanninn Einar Bárðarson og plötugerð á vegum útgáfufélagsins Senu. Svo er hann bókaður á fjölskylduskemmtunum og hinum og öðrum stöðum og er í lokin spurður hvernig þetta nýja líf leggist í jafn íhaldssaman mann og hann. „Það leggst mjög vel í mig. Þetta er það sem ég vil, það er ekkert öðruvísi. Þannig að nú bíð ég bara spenntur eftir að takast á við það sem framundan er.“



SUMARHÚSAVÖRN

Sumarhúsavörn Securitas er þráðlaust öryggiskerfi, hannað með þarfir sumarhúsaeigenda í huga.

Aðeins 2.980 kr. á mánuði.



NÆSTA SKÓBÚÐ 51 M

STYSTA LEIÐIN Í BANKANN

Fjárhagsleg velgengni byggist á að vita
alltaf hver staðan er.

Með Glitni í símanum þínum tryggir þú
þér stystu leiðina í bankann.

Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum
helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft.
Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum,
helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.

Þú getur líka millifært og fyllt á GSM frelsi.

Farðu á glitnir.is og kynntu þér hvernig þú
færð Glitni í símann.



NETBANKI GLITNIS
Í SÍMANUM ÞÍNUM

nánari upplýsingar á glitnir.is

Reikningsyfirlit

Yfirlit skuldabréfa

Millifærslur

Áfylling

„ÆTLI ÉG EIGI FYRIR
ÞESSUM GRÆNU LÍKA?“

KASSI 2 M

GLITNIR 43 CM

GLITNIR

Fylgihlutir fyrir sumarið

Kynning

Það er tímabært að fara að líta eftir flottum fylgihlutum, svona fyrir sumarið. Töskur, fallegir skartgripir, töff hanskar og sólgleraugu eru hlutir sem kalla má nauðsynlega fylgihluti rétt eins og beltin sem eru aðal málið í dag. Eins má nú fljótlega fara að pakka niður vetrarskónum og fara að klæðast léttum og opnum skóm en gull- og silfuskór eru áberandi í tískunni þessa dagana.




Gallabuxnabúðin kr. 4.950



Centrum - hanskar kr. 3.990



Company's kr. 5.990



NEXT
taska kr. 1.290, sólgleraugu kr. 1.990, skór kr. 3.590



Company's
taska kr. 6.990

In Wear
belti kr. 4.990



NEXT
hálsmen kr. 990, armband kr. 990



Gallerí Sautján
taska kr. 1.990, belti kr. 3.990



NEXT
hálsmen kr. 990, eyrnalokkar kr. 590



Benetton / Sisley
stór taska kr. 4.295, minni taska kr. 3.595



Kiss
töskur kr. 4.990, belti kr. 3.990



Kiss
Stór taska kr. 5.990, minni taska kr. 4.990, belti kr. 3.990 & 2.990



NEXT
taska kr. 1.290, sóglæraugu kr. 1.990, skór kr. 3.290

Tvær kökur í páskalitunum

Góðar, einfaldar og öðruvísi. Skírskotum til páskanna og skreytum kökurnar með páskaeggjum og blómum ... og höfum þær að sjálfsögðu í páskalitunum.

Myntubitar

BOTN:

5 eggjahvítur
170 g flórsykur
1/4 tsk. salt
1 tsk. edik
100 g hveiti

Þeytið eggjahvíturnar ásamt salti og ediki þar til þær halda lögun sinni. Þeytið áfram og setjið sykurrinn saman við í nokkrum hlutum. Þeytið vel á milli. Að því loknu fer hveitið saman við í nokkrum hlutum og hrært er í á meðan. Blandið vel, en varlega. Setjið bökunarpappír á plötu og smyrjið. Hafið deigið um 1,5 cm á þykkt. Bakið við 150 gráður í 20-25 mínútur eða þar til botninn er gullinn að ofan. Látið kólna aðeins og losið botninn af pappírnum.

KREM:

250 g mascarpone-ostur
2 tsk. piparmyntudropar
20 g síróp
3 dropar grænn matarlitur

Hrærið ostinn, piparmyntudropana og sírópið saman þar til kekkjalaust. Smakkið til ef þið viljið hafa meira piparmyntubragð afkreminu. Setjið græna matarlitinn saman við og hrærið þar til hann blandast kreminu vel. Auðvitað má sleppa honum en hann gefur kökunni fallegan svip.



Skerið botninn í tvennt. Skiptið kreminu milli botnanna. Smyrjið kreimið á botnana. Leggið annan ofan á hinn eins og samloku. Snyrtið endana

og skerið í litla bita. Skreytið með blómum og ferskri myntu. Þessir bitar eru fallegir á borði, upplagðir í teboðið og góðir með freyðivíni.

FAXE Á FERÐ OG FLUGI

Kiptu með þér FAXE ROYAL
í handhægri ferðatösku
í ferðalagið eða sumarbústaðinn



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI FERÐAFÉLAGINN

Hvít súkkulaðikaka

175 g hafrakex og Oreosúkkulaðikex til helminga
50 g smjör, bráðið
300 g hvítt súkkulaði, brætt yfir vatnsbaði
1 vanillustöng, fræin eingöngu
6 dl rjómi, þeyttur, ekki mjög mikið
ber, blóm og páskaegg til skrauts

Myljið kexið í matvinnsluvél þar til úr verður hálfgerð mylsna. Athugið að Oreokexið er mulið með kreminu á milli. Hrærið bræddu smjörunu saman við. Klæðið springform með smjörpappír, 23 cm er hæfileg stærð upp á þykkt kökunnar. Þrýstið kexmulningnum í botninn á forminu. Kælið í 30 mínútur. Skafið fræin úr vanillustönginni og setjið út í rjómann. Þeytið hann þar til hann

heldur lögun sinni. Hellið bræddu súkkulaðinu í mjörri bunu út í þeytta rjómann og hrærið varlega saman. Blandið vel. Hellið yfir kexbotninn. Setjið plastfilmu þétt yfir kökuna og látið standa í ísskáp í að minnsta kosti 3 klukkustundir eða yfir nótt. Einnig má frysta kökuna og bera hana fram sem ístertu. Upplagt að gera þessa tertu kvöldið áður en bjóða á upp á hana. Skreytið.



ST. DALFOUR



100% ÁVEXTIR ENGINN SYKUR

ST. DALFOUR

FRANCE

ST.DALFOUR SULTURNAR FÁST Í 13 LJÚFFENGUM TEGUNDUM

VIÐ BJÓÐUM FULLT AF FÓLKI Á

ROSKILDE FESTIVAL '06

29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ



ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ JA SRB Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ SVARAR SPURNINGU UM ROSKILDE FESTIVAL. ÞÚ GÆTIR KOMIST TIL ROSKILDE!



AÐALVINNINGUR ER FLUG OG MIÐAR Á ROSKILDE FESTIVAL FYRIR FJÓRA
AUKAVINNINGAR ERU: FLUG OG MIÐI FYRIR TVO Á ROSKILDE • MIÐAR FYRIR TVO Á ROSKILDE • GJAFABRÉF
FRÁ TÓNLIST.IS • FULLT AF TUBORG • DVD MYNDIR FRÁ HÁTÍÐINI 2005 • FULLT AF GOSI • VARNINGUR
TENGDUR ROSKILDE FESTIVAL • FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG GEILSADISKUM OG MARGT FLEIRA!

11. HVER VINNUR
AÐALVINNINGUR DREGINN ÚT Í BEINI Á X-INU!



WINNINGAR VERÐA AFTURDEILT HÁBTÍÐARALING KOTLÓÐI. MEÐ ÞÚ AD TÁKA ÞÁTTERTU KOMMINI SMS KLÚBB. 89 KR/SKEYTIÐ. ÞÚ FÆR 5.MÍN TIL AD SVARA SPURNINGU.

„Sama hvað þú lest eða heyrir, ekkert mun búa þig undir kraftinn og þungann í þessari mynd!”

-Quentin Tarantino



„Ég er dolfallinn!”

-Roger Ebert

PAUL WALKER

RUNNING SCARED

FRUMSÝND 12. APRÍL

SENDU SMS SKEYTIÐ

JA BRS Á NÚMERIÐ 1900

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA

FYRIR TVÖ.

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVÖ

DVD MYNDIR • PEPSI OG MARGT FLEIRA



8
HVER
VINNUR!



VINNINGAR VERÐA AFHENDIR KÁ Á ET SMÁRÁLIÐ. KÓPLAÐA. HEB ÞÚ AD TALA ÞÁTTU ERU KOMIN Í SMS KLASSA 99 KOSKETTID.

Stíll stjarnanna »

Kvenleg sumarsamsetning

Þótt stjörnurnar geti flikað fötum frá dýrustu merkjum heims þá þýðir það ekki að við hin getum ekki verið flott í tauinu og tollað í tískunni. Á dögnum mætti Carmen Electra í doppóttum kjól með belti um sig miðja sem er mjög vinsælt um þessar mundir. Birta fór á stjá og fann til fatasamsetningu sem er ekki síðri en samsetning Carmenar þó að hún hafi líklega kostað heldur færri skildinga.



Rokk og rósir,
2.990 kr.



Gyllti Kötturinn,
1200 kr.



Oasis, 10.990 kr.

Zara, 4.995 kr.



Sigurboginn, 1.720 kr.



Ice in a bucket, 495 kr.

Aldo, 7.990 kr.

VÖNDUÐ HÚSGÖGN

NÝJAR VÖRUR

kr. 108.600.-

TUNGUSÓFI - SKEMILL FYLGIR

MICROFIBER ÁKLÆÐI
LITIR: LJÓST (BEIGE OG LJÓSBRÚNN)



ÚRVAL HÚSGAGNA Á VERÐUM SEM
KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART



kr. 119.900.-

MEGAN 3JA SÆTA HÆGINDASÓFI

ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN, LJÓSBRÚNN
OG SANDLITADUR



kr. 84.900.-

PREMIUM SVEFNSÓFI

2JA SÆTA SVEFNSÓFI MEÐ HEILSDYÑNI
MICROFIBERÁKLÆÐI



kr. 34.900.-

BOSTON HÆGINDASTÖLL

MEÐ RUGGU OG HÁTT BAK
MICROFIBERÁKLÆÐI
FÆST Í MÖRGUM LITUM



RAFMAGNSNUDD

kr. 43.900.-

MEGAN HÆGINDASTÖLL

MICROFIBERÁKLÆÐI
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN

kr. 43.900.-

BOSTON HÆGINDASTÖLL

MEÐ RUGGU OG HÁTT BAK
ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN OG LJÓSBRÚNN

kr. 59.900.-

MEGAN HÆGINDASTÖLL

ÍTALSKT LEDUR
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN, DÖKKBRÚNN, SVARTUR OG GULLUR

VISA OG EURO
RAÐGREIÐSLUR

VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS



TILBOÐ 1

Matsaman

Thailenskur kjötréttur með kjúklingakjöti og grænmeti. Steikt í matsman karrý og salthnetusösu.

Kínverksar nüðlur að hætti Mekong
Eggjanüðlur með kjúklingi og grænmeti.

Paneng

Thailenskur kjötréttur með nautakjöti og grænmeti. Steikt í panengkarrý og kókomassa.

Djúpsteiktar rækjur
með súrsætri sösu.

Verð á mann kr. 1.245.-
Fyrir tvo kr. 2.490.-

Hæfilegur skammtur af hrísgrjónum og Góu Hraun fylgir.

TILBOÐ 2

Geng Sheo Van

Thailenskur kjötréttur með grísakjöti. Steikt í grænu karrý (sterkt)

Kao Pad Ped

Sterk chilli krydduð hrísgrjón með svínakjöti eða kjúkling og grænmeti.

Tom Ka

Thailenskur kjúklingaréttur með grænmeti og kókos. (sterkt)

Pas Siú

Hrísnüðlur með grænmeti.

Verð á mann kr. 1.245.-
Fyrir tvo kr. 2.490.-

Hæfilegur skammtur af hrísgrjónum og Góu Hraun fylgir.

FYRIR BÖRNIN

Hamborgari

með frónskum, sösu og gosi.

Verð kr. 550.-

FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER FYRIR MEIRA EN KR. 2000,-

Tilboð eru eingöngu afgreidd fyrir tvo eða fleiri.



FÁÐU MATINN HEIM AÐ DYRUM

564 6111



MEKONG

thailensk matstofa



flottar sumarflíkur

Sumarið nálgast. Sumarið er sá árstími þegar marga langar að skella sér út í búð og fá sér eitthvað reglulega sumarlegt. Birta lagðist undir feld og fann fimm hluti sem hljóta að teljast ómissandi fyrir þær sem ætla sér að vera reglulegar skvísur í sumar.



Breitt belti.

Fínleg blússa.



Kjöll í sterkum lit.



Glaðlegt pils.



Skór með fylltum hæl.

nýir tímar

| ný vefverslun

| traustur grunnur

VERSLAÐU Á NETINU

www.byko.is



BYKO hefur verið leiðandi í meira en 40 ár



Vinnur þú?

Grill að verðmæti
279.000 kr.

Þú getur unnið glæsilegasta grill landsins

BYKO bætir nú þjónustu sína enn frekar og hefur opnað eina glæsilegustu VEFVERSLUN á Íslandi. VEFVERSLUN BYKO er einfaldur og notendavænn vefur, byggður upp á þeim trausta grunni sem BYKO byggir á. Nú getur þú verslað þegar þér hentar og færð vöruna senda til þín.

Taktu þátt í skemmtilegum vefleik þar sem þú getur unnið glæsilegasta gasgrill á Íslandi. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á VEFVERSLUN BYKO og þú gætir dottið í lukkupottinn.





Sigríður B. Tómasdóttir
elur upp

Fyrirmyndar fyrirmynd

Um daginn stakk sonur minn fingrinum upp í nef sér, hafði hann þar um stund og dró hann svo út og sagði nammi. Ég horfði á hann í skelfingu, varð reið um stund og leit ásakandi á mann minn, hafði hann kennt honum þennan ósið? Mér til mikillar undrunar mætti mér sama ásökunar augnaráðið, hann var auðvitað sannfærður um að sonurinn hefði lært þennan mikla ósið af móður sinni. Til að halda heimilisfriðinn komumst við að samkomulagi um að kenna einhverjum öðrum um að hafa kennt barninu svo slæman sið.

Atvikið var hins vegar ágætis áminning um hversu skynugur drengurinn er orðinn þótt einungis 15 mánaða sé. Eftirtektarsemin hjá svona litlu kríli sem ekki er farið að tala að ráði, er ótrúlega mikil. Það þýðir lítið annað en að axla þá ábyrgð og verða sú fyrirmynd sem maður vill að barnið virði. Ekki þýðir til dæmis að ætlast til þess að barnið borði eintómt hollmeti ef maður sukkar í sykrunum sjálfur. Þegar Tómas litli var hvítvoðungur sem lifði á brjóstamjólki einni saman þá gæddi ég mér að snúðum og sætmeti í hverjum kaffitíma. Svo fór hann að veita þessu narti athygli og um leið og hann fór að borða sjálfur þá var forvitnin hans vakin fyrir alvöru. Ég sá það um leið að þessu yrði ég að hætta. Verandi sæmilegur súkkulaðifíkill er þetta smá átak en ég er að reyna að standa mig.

Eftirtektarsemin birtist reyndar oft með fyndnum hætti. Sonurinn var til dæmis mjög ungur farinn að grípa í fjarstýringuna og beina henni að sjónvarpinu eins og fullorðinn maður. Hann grípur símann fagmannlega og svo tók hann sig til um daginn og greip tusku og fór að þurrka af húsgögnum og gólfum eins og hann hefur séð gert á sínu heimili.

Það er semsagt engum blöðum um það að fletta að lítill börn horfa á fullorðna fólk með mikilli athygli. Við sem erum að ala lítill börn upp verðum að reyna að standa okkur í stykkinu og haga okkur vel og fallega. Börn veita því heldur ekki bara athygli hvernig við berum okkur að við hina ýmsu hluti, heldur líka hvernig við tölum um menn og málefni. Það þýðir lítið að ætlast til þess að þau séu stillt og prúð og tali virðulega um og við fólk ef við gerum ekki slíkt hið sama.

Og þannig má segja að börn kenni okkur fullorðna fólkinu að haga okkur vel. Ég veit það fullvel að mín hegðun, atferli og framkoma er undir stöðugri skoðun sonarins. Og þá þýðir lítið að vera í tómu tjóni heldur er betra að haga sér almennilega.

Morgunmatur er mikilvægur

Þáskadagur er á sunnudaginn næsta og flest börn bíða óþreyjufull eftir því að fá að borða þáskaegginn sín. Mörg börn eru svo spennt að þau vakna eldsnemma á þáskadagsmorgun til þess að komast sem fyrst í egginn. Engin börn hafa hins vegar gott af því að byrja daginn á miklu súkkulaðiáti og því ættu allir foreldrar að sjá til þess að börnin borði hollan og góðan morgunmat áður en eggjaátið hefst.



Sofið út í fríinu

Eitt af því góða við frí eins og þáskafrið er möguleikinn á því að geta sofið út. Mörgum börnum finnst ekki síður notalegt en fullorðnum að fá að sofa aðeins lengur annað slagið. Ef margt á að gera um þáskana getur verið ágætt að byrja skipulagða dagskrá ekki allt of snemma á daginn svo allir fái næga hvíld í fríinu.

Sólin getur verið varasöm

Margir nota þáskafrið til þess að skreppa til útlanda og flatmaga í sólinni. Oft eru börn með í för sem eru ekki vön mikilli sól. Viðbrigðin geta verið mikil fyrir ljósa húð barna sem koma beint úr frosthörkunum hérna heima í brennheita sólna á ströndinni. Mikilvægt er því að borin sé góð sólarvörn á börnin og að þau séu aldrei látin vera lengi í einu í sólinni.





AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA UM PÁSKA



	Skírdagur	Föstud.langi	Laugardagur	Páskadagur	Annar í páskum
	13. apríl	14. apríl	15. apríl	16. apríl	17. apríl
ÁRBÆJARLAUG	kl. 10-20	kl. 10-20	kl. 8-22	kl. 10-20	kl. 10-20
BREIÐHOLTSLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-20	Lokað	kl. 10-18
GRAFARVOGSLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-20:30	Lokað	kl. 10-18
KLÉBERGSLAUG	kl. 11-17	Lokað	kl. 11-17	Lokað	kl. 11-17
LAUGARDALSLAUG	kl. 10-20	kl. 10-20	kl. 8-22	kl. 10-20	kl. 10-20
SUNDHÖLLIN	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-19	Lokað	kl. 10-18
VESTURBÆJARLAUG	kl. 10-18	kl. 10-18	kl. 8-20	kl. 10-18	kl. 10-18



Laugarnar í Reykjavík



Skemmtilegur frítími

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR

Carl Weill®

GÆÐASTÁL 01/81



Vönduð stálpottasett

Orkusparandi • Þrefaldur botn • 12 hlutir

Aðeins kr. 22.000,-

Kynningarverð

Eldhúshnífar Steikarasett

24 hlutir

Aðeins kr. 12.000,-



Hnífapara- töskur

72 hlutir

Gyllt eða stál

Aðeins kr. 12.000,-

Þöntonarsímar 862 5273 og 893 2666

Opnið alla daga frá kl. 10.00 til 22.00. Sendum í póstkrofu ef óskað er.

Póstburðargjald greiðist af viðtakanda

Ice-Atlantic ehf.

Sími 893 2666



Ef þér leidist á páskadag getur þú ...

... falið páskaegg einhvers undir stólsetu og séð hvað gerist þegar viðkomandi fær sér sæti.

... horft á fimm klukkustunda langa óperusýningu á RÚV, þóst vera einn af leikendum og apað allt upp sem gerist á sviðinu.

... brætt páskaeggjö þitt í tíu minni hálf bráðin egg og kastað í bíla sem eiga leið hjá húsinu þínu.

... bankað upp á hjá nágrönnunum og spurt hvort þeir hafi séð páska-hérann, hann hafi gleymt buxunum sínum hjá þér í nótt.

... lesið biblíuna aftur á bak og svo á hvolfi.

... gengið í hús og selt páskaunga úr súkkulaðieggjum til styrktar Endurmenntunarsjóði Júdasar.

... reynt að komast að því hvað hérar, egg og hænur hafa með kristna trú og páskahátíð að gera.

... hringt í alla sem þú þekkir og óskað þeim gleðilegra jóla.

... farið á nálægan sveitabæ, stolið einum gulum unga og fært sóttvarnarlækni að páskaeggjóf.

... gert skoðanakönnun á því hvort fólk viti hvað gerðist á hvaða degi sem tengist páskunum. Viti fólk það ekki þá er um að gera að segja þeim eitthvert bull.

... málað húsið þitt gult og límt á það páskaliljur.

... stungið gat í páskaegg einhvers, dælt lýsi í það og fylgst með viðbrögðunum.

... búið til ommelettu og eggjabrauð úr súkkulaðieggjum. Það eru nú einu sinni páskar og tími til að lyfta sér upp.



Jói Fel



Osta- og ólífubrauð að hætti Jóa Fel

- ítölsk og brakandi fersk

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 8 - 16.

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

Jói Fel

Ítalskar snittur að hætti Jóa Fel

- skáskornar og grillaðar

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 8 - 16.

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

Halo Pohjola!
Halló Norðurlönd!
Hallo Norden!
Hallá Norden!



Hefur þú hugsað þér að flytja, stunda
nám eða vinna í öðru Norðurlandi?

Halló Norðurlönd getur verið þér til aðstoðar



norden

Norræna ráðherranefndin

www.HalloNorden.org



KRISTALIA
- ný lína

h e i m a



full búð af nýrri gjafavöru



opið: virka daga 10-18, laugardaga 11-16



h e i m a
húsgagnaverslun

bláu húsunum við faxafen - 108 reykjavík - 568 4242 - heima@heima.is



Jóhanna Sveinsdóttir
segir kynjasögur

Enginn veit hvað átt hefur fyrir en það fer til útlanda

